

Að búa til lag í launchpad


Verkefnið er að búa til lag í snjallforritinu Launchpad.

Þú byrjar á því að opna appið launch pad.

Merkið fyrir appið er svart með appelsínugulum kössum.




Þegar þú opnar appið lítur það svona út





Ef þú smellir á kassana byrjar að heyrast tónlist sem heldur áfram að spilast þangað til þú smellir aftur á kassan þú getur spilað marga kassa í einu og þannig búið til þitt eigið lag.

Það er gott að æfa sig aðeins og heyra hvað manni finnst hljóma best. Sumir kassarnir eru með hringjum og aðrir með striki. Þeir kassar sem eru með striki spilast bara meðan þú heldur þeim niðri. Þeir kassar sem eru með hringjum halda áfram að spilast þangað til þú ákveður að slökkva á þeim.




Nú er komið að því að búa til lagið.

Til þess að byrja að taka upp smellir þú á  svarta hringin efst uppi í hægra horninu. Þetta er takkinn sem tekur upp lagið.




Þegar þú hefur smellt á takkann getur þú byrjað að spila.




Þegar þú ákveður að lagið sé búið ýtir þú  á svarta hringin

Þegar lagið er tilbúið og þú búinn að slökkva á upptökunni getur þú smellt á línunar þrjár uppi í vinstra horninu.



Þar velur þú næst efsta valmöguleikan sem heitir "Recordings"



Hér finnur þú upptökuna þína og getur hlustað á hana eða leyft öðrum að hlusta:)

